

Jafnréttis- og jafnlaunastefna ISAL

Stefna Rio Tinto á Íslandi (ISAL) er að skapa eftirsóknarverðan vinnustað þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi. Stefnan stuðlar að jafnrétti kynjanna þar með talið að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Markmið jafnréttis- og jafnlaunastefnu ISAL er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum starfsfólks þannig að reynsla, þekking og hæfileikar þeirra nýtist sem best. Við fylgjum í einu og öllu lögum, reglum og kjarasamningum um jafnrétti og kjör starfsfólks.

Stefna þessi nær til og er kynnt öllu starfsfólki. Í jafnréttisáætlun koma fram aðgerðir sem stuðla að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum.



LAUNAJAFNRÉTTI

Greidd eru sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf að teknu tilliti til persónubundinna þátta þannig að engin óútskýrður launamunur sé til staðar.



LAUS STÖRF

Laus störf skulu standa jafnt konum og körlum til boða. Jafnréttissjónarmið eru metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið við ráðningar í laus störf.



STARFSÞJÁLFUN, ENDURMENNTUN OG SÍMENNTUN

Starfsfólk skal njóta sömu möguleika til starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar til að auka þekkingu og hæfni vegna faglegrar þróunar.



SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS

Leitast skal við að skapa starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur starfs og fjölskylduábyrgðar.



EINELTI, KYNBUNDIÐ OG KYNFERÐILEG ÁREITNI OG OFBELDI

Einelti, kynbundið og kynferðisleg áreitni og ofbeldi er undir engum kringumstæðum umborið á vinnustaðnum.



ÖRYGGI



SAMVINNA



HEILINDI



VIRÐING



FRAMSÆKNI

Rannveig Rist, forstjóri 4. október 2019